



# Framúrskarandi skóli - færni til framtíðar


Lokaskýrsla Grunnskóla Fjallabyggðar



Erla Gunnlaugsdóttir skólastjóri og verkefnisstjóri

Október 2020

UMS-72



## Markmið verkefnis

### Samkvæmt umsókn voru markmið verkefnisins að:

- Að auka færni til framtíðar með áherslu á að útfæra námsvísa skólans. Sérstök áhersla er lögð á starfshætti sem byggja undir áherslur 21. aldarinnar og gera nemendur hæfari til að takast á við þær áskoranir sem 21. öldin ber í skauti sér.
- Að kennarar útfæri námsvísa í samfélagsfræði til að auðvelda þeim að koma betur til móts við þarfir nemenda sinna með áherslu á lykilhæfni aðalnámskrár með grunnþættina að leiðarljósi.
- Að innleiða markvisst og með skýrum áætlunum breytta starfshætti við grunnskólann til þess að koma betur til móts við þarfir nemenda, auka samstarf og stuðla að því að nemendur í Fjallabyggð verði öflugir og sterkir og hæfir einstaklingar til að takast á við áskoranir framtíðarinnar.
- Að auka markvisst samstarf grunnskólans við foreldra og þátttöku þeirra í námi nemenda byggt á heildstæðum og raunverulegum verkefnum.

### Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði:

- Endurskoðun á skólastefnu skólans.
- Röð námskeiða á starfsdögum að vori og hausti á tímabilinu.
- Innleiðingu á skólastefnu færi fram með endurskoðun á starfsháttum innara mats teymis (gæðaráðs) og að viðmið um gæðaskólastarf væri mælikvarðinni.
- Sameiginlegri þróun starfshátta og samvinnu í lærdómssamfélagi.
- Tilraunakennsla - samþætting námsgreina - kennslufræðileg ráðgjöf og stuðningur.
- Mat á starfsháttum kennara út frá [Matstæki um þróun skólastarfs í anda hugmynda um einstaklingsmiðað nám, lýðræðislegt og nemendamiðað skólastarf og lærdómssamfélag](#)



## Framkvæmd

Framkvæmd verkefnisins gekk vel miðað við áætlanir. Tímaáætlun dróst aðeins á langinn en í meginatriðum gekk verkefnið vel.

Hér fyrir neðan má sjá verkþættina fjóra sem umsóknin byggði á og í dálki til hliðar er gerð grein fyrir því hvernig hver verkþáttur gekk fyrir sig. Ráðgjafabjónustan Trappa ehf var ráðgefandi í verkefninu og hélt námskeið á starfsdögum, veitti kennsluráðgjöf og skólastjórnendum faglegan stuðning.

<p><b>Nafn verkþáttar 1:</b> Gagnaöflun og greining innan skólans, hvað er verið að gera núna sem telst vera í samræmi við áherslur aðalnámskrár og er líklegt til að byggja undir færni nemenda til framtíðar?</p> <p><b>Afurð verkþáttar:</b> Greinargerð; Greining á starfsháttum skólans; Að fara eða vera? Hvaða starfshættir eru gamlir og góðir og eðlilegt að halda í og eru líklegir til að byggja undir færni til framtíðar?</p> <p>Hvaða starfshættir eru gamlir og úreltir og ólíklegir til að byggja undir færni til framtíðar? Hvaða starfshættir eru nýir og líklegir til að byggja undir færni til framtíðar og við þurfum að tileinka okkur?</p>	<p>Verkþáttur 1 hélst að efninu til. Hafist var handa örlíftð seinna en verkþátturinn sagði til um en markmið náðust.</p> <p>Fjölbreyttar kennsluaðferðir, tveggja daga námskeið dagana 14. og 15. ágúst 2019. Lögð drög að áætlanargerð með heildstæðum þemaverkefnum með samþættingu námsgreina og námsvísagerð.</p> <p>Einstaklingsmiðaðir starfshættir í framkvæmd, starfsdagur kennara og starfsfólks Grunnskóla Fjallabyggðar.</p> <p>Megin niðurstaðan að samræma þyrfti</p>
---	---

<p>Hvaða starfshættir eru nýir en ólíklegir til að byggja undir færni til framtíðar?</p> <p><b>Tímabil verkþáttar:</b> Apríl til maí 2019.</p> <p><b>Nafn ábyrgðaraðila:</b> Erla Gunnlaugsdóttir</p> <p><b>Aðrir starfsmenn:</b> Með þátttöku allra kennara Grunnskóla Fjallabyggðar með áherslu á samfélagsfræði, íslensku og upplýsinga- og tæknimennt.</p>	<p>áherslur og endurskoða stefnu skólans, draga foreldra, kennara og nemendur að borðinu.</p> <p><a href="#">Skólafundur skólans var unnin í samvinnu og samstarfi við skólasamfélagið</a> allt og birt á heima síðu skólans. Með þessari aðgerð skapaðist nauðsynleg sátt um í hvaða átt skildi haldið.</p> <p><b>Gekk vel miðað við áætlanir. Aðeins tímamörk röskuðust.</b></p>
<p><b>Nafn verkþáttar 2:</b> Áætlunargerð; Hvernig komum við í framkvæmd þeim starfsháttum sem eru taldir vera líklegir til þess að auka færni nemenda til framtíðar?</p> <p><b>Afurð verkþáttar:</b> Innleiðingaráætlun og endurmenntunaráætlun. Hvað telur starfsfólk skólans að það þurfi til þess að geta komið slíkum starfsháttum í framkvæmd. Hvar er raunhæft að byrja og hvernig? Hvaða færni hefur starfsfólk skólans til þess að koma færni til framtíðar í framkvæmd í Fjallabyggð og hvað vantar upp á?</p> <p><b>Tímabil verkþáttar:</b> Júní til ágúst 2019</p> <p><b>Nafn ábyrgðaraðila:</b> Erla Gunnlaugsdóttir</p> <p><b>Aðrir starfsmenn:</b> Aðstoðarskólustjóri, fulltrúar aldurstiga.</p>	<p>Skólaárið 2019-2020 fór í að tilraunakenna samþættingarverkefni út frá heildstæðri áætlanagerð og námsvísunum. Kennarar í teyllum á stigum, yngsta stigi, miðstigi og unglingastigi unnu mest saman.</p> <p><b>Gekk vel miðað við áætlanir. Aðeins tímamörk röskuðust.</b> Að vinna innleiðinguna út frá innra mati var líkega lengri leiðin - en fljótlega var ljóst að starfshætti innra mats mættu vera betri og ákveðið þess vegna að fara í heildarendurskoðun á þeim í leiðinni.</p>
<p><b>Nafn verkþáttar 3:</b> Gerð námsvísa. Hvar birtast breyttir starfshættir í námi nemenda sem eru líklegir til að gera þá hæfa til að takast á við framtíðina?</p> <p><b>Afurð verkþáttar:</b> Stigvaxandi námsvísar sem vísa kennurum veginn við skipulag náms</p>	<p>Vorið 2020 unnu kennarar og ráðgjafar að hugmyndavinnu um frekari þróun námsvísa. Kennarar skráðu hugmyndir sínar til frekari þróunar.</p> <p>Haustið 2020 hélt sú vinna áfram á starfsdegi</p>

<p>og kennslu með áherslu á færni til framtíðar - í 4. bekk - 7. bekk og 10. bekk. Námsvísarnir eiga að sýna á greinargóðan hátt hvernig fjölbreyttar kennsluáferðir, fjölbreytt námsmat og áhersla á námsaðlögun birtist í skólastarfinu í Fjallabyggð með áherslu á samfélagsfræði, íslensku og upplýsinga- og tæknimennt. Áhersla verður á einstaklingsmiðaða útkomu, nemendasjálftæði, lýðræðislega aðkomu nemenda og samstarf við foreldra.</p> <p><b>Tímabil verkþáttar:</b> September 2019 til apríl 2020.</p> <p><b>Nafn ábyrgðaraðila:</b> Erla Gunnlaugsdóttir</p> <p><b>Aðrir starfsmenn:</b> Með þátttöku allra kennara Grunnskóla Fjallabyggðar.</p>	<p>þar sem kennarar á stígunum unnu áfram sína námsvísa. Námsvísarnir byggja skýrt á grunnþáttum aðalnámskrár.</p> <p>Skólastjórnendur hafa tekið við keflinu á innleiðingu á breyttum starfsháttum gæðaráðs (innra mats) og hafa unnið heildarmat á námi og kennslu - og stjórnun og faglegri forystu. Mun meiri skilningur hefur myndast á mikilvægi innra mats og notkun gæðaviðmiða í skólastarfi.</p> <p>Á skólaárinu 2020-2021 verður áherslan lögð á að starfshættir gæðaráðs verði vel skipulagðir.</p> <p>Hafist handa við að aðgerðabinda skólustefnu skólans með gæðaviðmiðum um nám og kennslu, stjórnun og faglega forystu og innra mat. Gæðaráð skólans hóf handa við að vinna með gæðaviðmið en sú vinna var enn á byrjunarreit í lok skólaársins en mjög mikilvæg skref stigin.</p> <p><b>Gekk vel miðað við áætlanir.</b> Tilraunakennsla hefur staðið yfir á öllum stigum frá haustinu 2019 sem er umfram væntingar.</p>
<p><b>Nafn verkþáttar 4:</b> Innleiðing - tilraunakennsla út frá námsvísunum í völdum nemendahópum.</p> <p><b>Afurð verkþáttar:</b> Samantekt kennara á reynslu sinni af því að skipuleggja nám og framkvæma út frá námsvísunum. Drögin lögð fram og námsvísar bættir.</p> <p><b>Tímabil verkþáttar:</b> Apríl til maí 2020 - fyrstu loturnar sem skipulagðar eru út frá drögum að námsvísunum kenndar í völdum hópum, t.d. í 4. bekk, 7. bekk og 10. bekk.</p>	<p>Námsvísir og kennsluáætlanir voru unnar miðlægt á sameiginlegu drifi kennara og kennarar kynntu fyrir hvor öðrum hvernig tilraunir reyndust. Ráðgjafi Tröppu kom í þrjár heimsóknir í kennslustundir á árinu og var til ráða.</p> <p><b>Gekk vel miðað við áætlanir.</b> Tilraunakennsla hefur staðið yfir á öllum stigum frá haustinu 2019 sem er umfram væntingar.</p>

<p><b>Nafn ábyrgðaraðila:</b> Erla Gunnlaugsdóttir</p> <p><b>Aðrir starfsmenn:</b> Verkefnisstjóri og valdir kennarar.</p>	
<p><b>Nafn verkþáttar 5:</b> Hönnun og birting á vefsíðu skólans.</p> <p><b>Afurð verkþáttar:</b> Námsvísarnir sýnilegir á vefsíðu skólans.</p> <p><b>Tímabil verkþáttar:</b> Júní til september 2020.</p> <p><b>Nafn ábyrgðaraðila:</b> Erla Gunnlaugsdóttir</p> <p><b>Aðrir starfsmenn:</b> Verkefnisstjóri og fulltrúar kennara á aldurstigum.</p>	<p>Unnið hefur verið með námsvísa á innra drifi kennara hingað til. Aðeins herslumuninn vantar svo að námsvísar verði tilbúnir til birtingar á heimasíðu skólans.</p> <p><b>Hefur tafist miðað við áætlanir</b> en áður en skólaárið 2020-2021 verður liðið verða námsvísar birtir.</p>



# Hindranir

Fáar hindranir hafa komið upp þó að vissulega hafi verkefni oft tekið tvö skref áfram og eitt afturábak. Verkefnið var vel skipulagt og verkefnið tiltölulega skýrt.

Helsta hindrunin var þegar verkefnisstjórinn sem jafnframt var aðstoðarskólastjóri breytti um starfsvettvang og í staðinn tóku deildarstjórar við hennar hlutverki. Þegar sú breyting átti sér stað ákvað undirrituð að taka við keflinu og fylgja verkefninu áfram. Það var góð ákvörðun.

Hugsanlega mætti einnig nefna mikla endurnýjun í kennarahópnum á þessum tíma sem kannski hefur hægt á ferlinu en eldri kennarar sem hófu starfið hafa ýmist hætt eða farið í veikindaleyfi á tímabilinu og yngri, kennarar, kennaranemar komið í staðin. Nýir kennarar eru ekki hindrunin heldur þá frekar að það þurfti tíma til að koma sér inn í kennsluhugsunina og vinnuna.

## Helsti ávinningur og niðurstaða

Starfsfólk skólans mun halda áfram að vinna að stefnu skólans og útfrá námsvísunum. Í skólanum hefur orðið til lærdómssamfélag sem er stöðugt að leita leiða til að námið verði betur sniðið að þörfum nemenda.

Námsvísar sem vegvísar um ákvarðanir í skólastarfi verða eitt af lykiltækjum skólans. Skipulag náms út frá grunnþáttum, lykilhæfni, samþætt nemendastýrt nám er afrakstur þessa mikilvæga verkefnis. Stjórn skólans og kennarar eru sammála um það. Umbætur standa enn yfir og munu standa yfir um ókomna tíð - en markmiðið er skýrt og stefnan skýr. Afrakstur þessa verkefnis mun ekki takmarkast við skýslu ofaní skúffu - þetta verkefni er mikilvægur þáttur í að breyta starfsháttum skólans. Sönnun og afrakstur þeirrar vinnu mun vonandi fylgja skólastarfinu lengi.

Í vetur verður lokið við að aðgerðabinda gæðaviðmið um framúrskarandi skóla í innra mati skólans. Það er von okkar sem standa að skólastarfi í Fjallabyggð að það muni verða til þess að skólinn verði í stöðugu umbótaferli þar sem allir þættir skólastarfsins verði metnir á kerfisbundinn hátt og umbætur tryggðar.

Áætlað er að bjóða kennurum í nærliggjandi sveitarfélögum að koma og fá kynningu á því hvernig verkefnið hefur gengið og deila reynslu kennara.

**Dagsetning:07.10.2020**



**Undirskrift verkefnisstjóra**



**Undirskrift skólastjóra ábyrgðarskóla**